

Verkefni - lán og sparnaður



Nafn: Andri

Aldur: 19 ára

Skóli:

Vinna með skóla:

Laun, eftir skatt: 100.000 kr.

Fastur kostnaður á mánuði:

- Matur og skemmtun: 35.000 kr.
- Skyldutrygging á bíl: 15.000 kr.
- Bensín: 15.000 kr.
- Áskrift í ræktina: 5.500 kr.

Eftirstöðvar = + 29.500

- Afborgun skyndilána samtals: 51.600 kr.

Eftirstöðvar = - 22.100 kr.

Andri er í námi og tekur nokkrar vinnuvaktir í mánuði. Hann býr hjá forledrum sínum og á gamla bílsdruslu sem hann gæti selt fyrir mest 150.000. Honum finnst gaman að skemmta sér með vinum sínum og hann á það til að eyða meiru en hann í raun á.

Andri varð 18 ára fyrir ári síðan og þar með fjárráða, sem þýðir að þá getur hann tekið lán. Honum finnst dýrt að lifa og því hefur Andri tekið nokkur skyndilán til að eiga fyrir einhverju sniðugu og redda málum, enda segir hann þetta bara smáupphæðir sem ætti að vera lítið mál að greiða til baka. Það sem Andri áttar sig hins vegar ekki á er að það er dýrt að taka lán og þegar borgað er til baka þá fylgir því töluverður kostnaður. Hann er því kominn í þá stöðu að vera í mínus um mánaðarmót og þyrfti að taka fleiri skyndilán til að ná endum saman. Nú vill hann hætta þessari vitleysu og greiða niður skuldina að fullu svo hann geti byrjað að spara pening.

1. Hjálpið Andra að greiða niður skuldina.

Byrjið á því að skoða hverju hann getur breytt hjá sér til að lækka mánaðarlegan kostnað svo hann sé ekki í mínus um mánaðarmót. Skoðið síðan hvað hann verður lengi að greiða niður skuldina?

Hann skuldar 300.000 í skyndilán.

2. Segjum að hann hafi ekki byrjað að taka skyndilán fyrir ári síðan og í staðinn sparað í hverjum mánuði. Hvað hefði hann getað lagt mikið í sparnað í hverjum mánuði og hvað væri það orðið mikið nú, ári síðar?



Verkefni - lán og sparnaður



Nafn: Anna

Aldur: 19 ára.

Skóli:

Vinna með skóla:

Laun, eftir skatt: 95.000 kr. á mánuði.

Fastur kostnaður á mánuði:

- Matur og skemmtun: 40.000 kr.
- Mánaðargjald í badminton: 4.900 kr.
- Ræktarkort: 5.500 kr.
- Sími og net: 8.700 kr.
- Fatnaður: 10.000 kr.

Eftirstöðvar = + 25.900 kr.

- Afborgun skyndilána samtals: 45.000 kr.

Eftirstöðvar = -19.100 kr.

Anna er í námi og býr hjá foreldrum sínum og æfir badminton af kappi. Henni finnst fátt skemmtilegra en að kaupa föt og bækur. Hún á það til að splæsa á vini sína þegar þeir eru blankir og því er hún fljót að eyða peningunum sínum.

Anna varð 18 ára fyrir um ári síðan og þar með fjárráða, sem þýðir að hún getur tekið lán. Anna hefur á undanfögnu ári tekið nokkur skyndilán til að redda málum þegar hún er blönk, enda segir hún þetta smáupphæðir sem ætti að vera lítið mál að greiða til baka. Það sem Anna áttar sig hins vegar ekki á er að það er dýrt að taka lán og þegar borgað er til baka þá fylgir því töluverður kostnaður. Hún er því kominn í þá stöðu að vera í mínus um mánaðarmót og þyrfti að taka fleiri skyndilán til að ná endum saman.

Nú vill hún hætta þessari vitleysu og greiða niður skuldina að fullu og byrja að spara.

1. Hjálpið Önnu að greiða niður skuldina.

Byrjið á því að skoða hverju hún getur breytt hjá sér til að lækka kostnað svo hún sé ekki í mínus um mánaðarmót.

Skoðið síðan hvað hún verður lengi að greiða niður skuldina?

Hún skuldar 290.000 í skyndilán.

2. Segjum að hún hafi ekki byrjað að taka skyndilán fyrir ári síðan og í staðinn sparað ákveðna upphæð í hverjum mánuði.

Hvað hefði hún getað lagt mikið í sparnað í hverjum mánuði og hvað væri það orðið mikið í nú, ári síðar?

